

skipaða talsmanus síns hjer fyrir rjettinum, hrmflm. Jón Ásbjörnssonar.

Skadabótakrafa hefir engin komið fram í málinu.

Á rannsókn máls þessa hefir orðið nokkur dráttur og stafar hann af því aðallega, að ekki þótti fært að ljúka rannsókninni og taka málið undir dóm nema að fenginni umsögn læknis um það hvernig heilsa Vilhjálms mundi verða varið framvegis vegna meiðslanna. En þessa umsögn var ekki hægt að fá fyr en sjeð var fyrir endan á því hvernig aðgerðirnar á Vilhjálmi tækjust. — Þá hefir og málið legið nokkurn tíma hjá dómsmálaráðuneytinu og hjá lögreglustjóra vegna umsagna, sem nauðsyn þótti að fá áður en málið yrði dæmt.

Að öðru leyti hefir rekstur máls þessa verið vítalaus.

Föstudaginn 21. okt. 1927.

Nr. 27/1927. **Sigurður Þ. Skjaldberg** (B. P. Johnson)
gegn

Páli B. Melsted (Stefán Jóh. Stefánsson).

Um endurgreiðslu húsaleigu sbr. 5. gr. l. nr. 24/1917.

Dómur gestrjettar Reykjavíkur 26. mars 1927: Svo framarlega sem stefnandi, Páll B. Melsted, eftir löglegan undirbúning, vinnur eið að því að stefndur, Sigurður Þ. Skjaldberg, hafi áskilið sjer og veitt móttöku, sem aukahúsaleigu eftir íbúð stefnanda á Laugavegi 58 hjer í bænnum, upphæð þeirri kr. 690,00, sem stefnat er fyrir í þessu máli, þá á stefndur að greiða hinum upphæðina með 6% ársvöxtum frá 10. júní 1926 til greiðsludags og kr. 122,00 í málskostnað. Vinni stefnandi hinsvegar ekki svofeldan eið á stefndur að vera sýkn af kröfum hans í málinu og á þá stefnandi að greiða stefndum kr. 122,00 í málskostnað.

Umboðsmenn málsaðilja, Ásgeir Guðmundsson cand. jur. og Pjetur Jakobsson kennari, greiði hvor um sig 30 krónur í sekt, að hálfu í ríkissjóð og að hálfu í bæjarsjóð Reykjavíkur, innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa, en sæti ella hvor um sig 2ja daga einföldu fangelsi og eiga framantalin meiðyrði og móðgandi mæli í májsskjölunum að vera dauð og ómerk.

Dóminum að fullnægja innan þriggja sólarhringa að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Af ástæðum þeim, sem tilgreindar eru í hinum áfrýjaða gestarjettardómi, ber að staðfesta hann og ákveðst fresturinn til eiðvinningarinnar 15 dagar frá uppsögn dóms þessa.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir hæstarjetti og ákveðst hann 250 kr.

Því dæmist rjett vera:

Gestarjettardóminum skal óraskað og ákveðst eiðvinningarfresturinn 15 dagar frá uppsögn dóms þessa. Áfrýjandinn Sigurður Skjaldberg greiði stefnda Páli B. Melsted 250 kr. í málskostnað fyrir hæstarjetti.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hinc áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er eftir heimild í húsaleigusamningi dags. 14. apríl 1925 höfðað fyrir gestarjettinum með stefnu útgefinni 10. júní 1926 af Páli B. Melsted, verslunarmanni, hjer í bæ, gegn Sigurði P. Skjaldberg, verslunarmanni, Langaveg 58 hjer í bænum, til endurgreiðslu á of-greiddri húsaleigu, að upphæð kr. 690,00 með 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu eftir mati rjettarins.

Stefndur hefir krafist sýknu af framangreindum kröfum stefnanda og riflegs málskostnaðar hjá honum eftir mati rjettarins. Svo krefst hann og þess, að stefnandi verði dæmdur í sekt fyrir óþarfa þrætu.

Með framangreindum húsaleigusamningi tók stefnandi á leigu íbúð — þrjú herbergi og eldhús -- í húsi stefnds nr. 58 við Lauga-

veg yfir tímabilið 14. maí 1926, fyrir umsamda húsaleigu kr. 90,00 á mánuði, sem greiðast skyldi fyrirfram fyrir einn mánuð í senn 1. dag hvers mánaðar. Er það in confesso í málinu að leiguupphæð þessi hafi verið ákveðin af húsaleigunefnd Reykjavíkur sem hámarkshúsaleiga eftir íbúðina.

Nú kveður stefnandi stefndan hafa fengið sig til þess að undirgangast að greiða aukahúsaleigu, 60 kr. á mánuði, eftir íbúðina fyrgreint leigutímabil og kveðst hann hafa greitt aukaleigu þessa samtímis aðalhúsaleigunni, að undanteknum 30 krónum fyrir síðasta hálfu mánuðinn. Nemi aukagreiðslan þannig hinni umstefndu upphæð og eigi hann kröfu til þess að fá hana endurgreidda.

Stefnandi kveðst í byrjun leigutímans hafa samþykkt og afhent stefndum víxil fyrir allri aukaleiguupphæðinni, kr. 720,00 útgefnu af firmanu Þórður Sveinsson & Co., með gjalddaga 1. október 1925. Er víxill þessi, sem lagður hefir verið fram í málinu, útgefinn 14. apríl 1925, sama dag og húsaleigusamningur aðilja er dagsettur. Af víxlinum greiddi stefnandi hinn 10. maí 1925 kr. 30,00 og hinn 3. júní, 2. júlí, 2. ágúst, 5. september og 2. október, sama ár, 60 krónur í hvert skifti. Samkvæmt framlögðum kvittunum hefir stefnandi greitt húsaleiguna eftir samningnum til stefnds nákvæmlega sömu daga, fyrst 45 krónur hinn 10. maí 1925 fyrir síðari helming þess mánaðar og síðan 90 krónur hvern ofangreindra daga fyrir mánuð þann er í hönd fór. Er ofangreindur víxill var fallinn í gjalddaga, kveðst stefnandi hafa samþykkt nýjan víxil fyrir eftirstöðvunum, er þá voru kr. 390,00 og síðan jafnan greitt afborganir af þeim víxli á sama tíma og aðalhúsaleiguna, en af víxli þessum sjeu enn ógreiddar 30 krónur þ. e. aukaleigan fyrir $\frac{1}{2}$ mánuð 1926, og sje víxillinn því enn í vörslum stefnds.

Stefndur hefir mótmælt því ákveðið að hann hafi tekið hærri húsaleigu af stefnanda, en leigusamningurinn tilskildi, eða kr. 90,00 á mánuði og kveður fyrnefndan víxil ekkert koma leigunni við. Kveður hann stefnanda hafa afhent sjer víxillinn sem viðurkenningu og tryggingu fyrir peningaláni, er hann hafi veitt stefnanda sama dag og leigusamningurinn var undirskrifaður. Hafi stefnandi síðan boðist til þess að greiða afborganirnar sem á víxilinn eru ritaðar, án þess að honum hafi borið skylda til þess, en hann hafi tjáð sjer vera það hentugra en að greiða víxilinn allan í einu. Í októberbyrjun 1925 kveður hann víxillinn hafa

verið greiddan að fullu og sje það ranghermi hjá stefnanda að þá hafi nýr víxill verið gefinn út fyrir eftirstöðvunum.

Stefnandi hefir lagt fram í málinu vottorð tveggja manna um það, að þeir hafi hvor í sínu lagi spurt stefndan að því, hvað íbúð sú, sem stefnandi hafði á leigu í húsi stefnds, ætti að kosta, og svaraði stefndur hvorum þeirra því, að íbúðin ætti að kosta 150 krónur á mánuði. Vottorð þessi hafa verið staðfest hjer fyrir rjettinum af vottorðagefendunum, en verið mótmælt sem röngum af stefndum.

Samkvæmt 5. gr. laga um húsaleigu í Reykjavík frá 12. september 1917 á sá, sem greitt hefir hærri húsaleigu en húsaleigunefnd hefir ákveðið heimingu á því að fá mismuninn endurgreiddan. Í máli þessu eru nú að áliti rjettarins ekki komnar fram fullar sannanir fyrir því, að greidd hafi verið húsaleiga umfram það, sem húsaleigunefnd hefði ákveðið, en hinsvegar þykja, með framangreindum vitnaframburðum og þó sjerstaklega með útgáfu og afhendingu víxilsins og afborgunum af honum, komnar fram svo sterkar líkur fyrir því, að svo hafi verið, að rjett sje að láta úrslit málsins vera komin undir aðildareíði. Í 6. gr. fyrnefndra húsaleigulaga er lögð refsing við því. að krefjast hærri leigu en húsaleigunefnd hefir ákveðið, og getur því ekki orðið um synjunareíð að ræða. Verða úrslitin því að fara eftir fyllingareíði stefnanda, þannig að vinni bann eíð að því á varnarþingi sínu, eftir löglegan undirbúning, að stefndur hafi áskilið sjer og veitt móttöku sem aukahúsaleigu, fram yfir það sem húsaleigunefnd hafði ákveðið, upphæð þeirri sem stefnt er fyrir í máli þessu, þá á stefndur að greiða honum upphæðina, kr. 690,00 með vöxtum eins og krafist er, og ekki hefir verið mótmælt sem ofháum, svo og málskostnað er ákveðst í samræmi við aukatekjulögin og lágmarksgjaldskrá málfutningsmannafjelagsins kr. 122,00. Vinni stefnandi hinsvegar ekki svofeldan eíð, á stefndur að vera sýkn af kröfum hans í málinu og stefnandi að greiða honum 122 krónur í málskostnað.

Eftir þessum úrslitum verður krafa stefnds um það, að stefndur verði dæmdur í sekt fyrir óþarfa þrætu, ekki tekin til greina.

Umboðsmenn aðiljanna, sem málið hafa flutt hjer í rjettinum hafa viðhaft í mállskjölum sínum ýms meíðandi og móðgandi ummæli hvor um annan svo og umboðsmaður stefnanda um stefndan. Þannig viðhefur umboðsmaður stefnds, Pjetur Jakobsson,

kennari, þau orð um umboðsmann stefnanda, Ásgeir Guðmundsson cand. juris að hann sýni með málshöfðuninni „ranglæti og taumlausa frekju til þess að skapa sjer atvinnu með rangri málshöfðun“, og hefir umboðsmaður stefnanda krafist þess að ummæli þessi verði dæmd dauð og ómerk og umboðsmaður stefnds sektaður fyrir þau. Á hinn bóginn hefir umboðsmaður stefnanda borið það á umboðsmann stefnda að hann fari með „lygþvættling“, „falsum“ og „visvitandi ósannindi“, og að stefndur notfæri sjer ýms meðöl til þess að „draga fram sitt aumallf“, og gefið í skyn að hann láti „ekkert tækifæri ónotað til þess að afla sjer fjár á margvíslegan hátt, segi visvitandi ósatt fyrir rjetti ef hann hagnist á því“, og sje „skadlegur maður“. Krefst umboðsmaður steinds þess, að framantalin móðgunaryrði verði ómerkt og umboðsmaður stefnanda dæmdur í sekt fyrir þau.

Framantalin ummæli, sem öll eru meidandi og móðgandi, ber að dæma dauð og ómerk. Svo ber og að dæma umboðsmennina í sekt fyrir þau og önnur ósæmileg ummæli í málfærslunni, sem þykir hæfilega ákveðin 30 krónur fyrir hvorn, og komi í stað sektarinnar ef hún er ekki greidd innan fimtán daga frá lögbirtingu dómsins 2 daga einfalt fangelsi fyrir hvorn.

Miðvikudaginn 26. okt. 1927.

Nr. 57/1927. **Ágúst Einarsson** (Jón Ásbjörnsson)
gegn

Gunnari Jónssyni og Jóni Kristjánssyni (Guðm. Ólafsson).

Ómerkingardómur.

Dómur hæstarjettar.

Mál þetta var höfðað í hjeraði af hinum stefndu gegn áfrýjanda. Hinn 24. mars þ. á. er málið samkvæmt stefnunni var tekið fyrir í bæjarþingi Reykjavíkur, mætti enginn af hálfu stefnda, Ágúst Einarssonar, og var málið því tekið til dóms. Næsta rjettardag, 31. mars, var málið tekið upp að nýju með